

## Memo

### vegna hugmyndar um öflun lögfræðilegs álits varðandi lagalegar skuldbindingar íslenska ríkisins vegna innlánsreikninga í íslenskum bönkum erlendis o.fl.

1. Í fyrri minnispunktum frá 4. nóvember sl. gagnrýndi ég niðurstöðu fjármálaráðherrafundar ESB og EFTA (ECOFIN) í Brussel sama dag varðandi bindandi gerðardómsmeðferð um lagalegar skuldbindingar íslenska ríkisins. Í fyrsta lagi taldi ég óráðlegt að fallast á bindandi gerðardómsmeðferð þar sem Ísland hefði ekki efni á því að taka þá áhættu að vera bundið af niðurstöðu gerðardóms í málinu sem færi á versta veg. Það þjónaði hagsmunum Íslands betur að aðilar kæmu sér saman um sáttumleitan (e. conciliation) eða aðra svipaða leið þar sem niðurstaðan væri leiðbeinandi en ekki bindandi. Í annan stað benti ég á að ekki virtist tryggt að gerðardómurinn yrði skipaður hlutlausum einstaklingum eða þannig að jafnvægi ríkti milli málsaðila, Íslands annars vegar og nokkurra aðildarríkja ESB hins vegar. Samsetning gerðardómsins væri ekki í samræmi við þá leið sem almennt tíðkaðist, þ.e. að aðilar tilnefndu einn eða fleiri fulltrúa hvor og kæmu sér síðan saman um hlutlausan oddamann. Í þriðja lagi taldi ég það undarlegt og til þess fallið að vekja tortryggni að ætlunin væri að ráða ágreiningi aðila til lykta á mjög skömmum tíma, jafnvel einum sólarhring eins og fyrstu fréttir gáfu til kynna. Það gæfi vísbendingu um að ætlunin væri ekki sú að fara ofan í kjölinn á málinu, gaumgæfa það vel og byggja niðurstöðuna á lögfræðilegum sjónarmiðum, heldur fremur að komast að pólitískri niðurstöðu.

2. Við nánari umfjöllun um málið að kvöldi 4. nóvember með KH, ME og EG skýrðist jafnframt fyrir mér að niðurstaða fundar ECOFIN gerði ekki ráð fyrir að gerðardómsmeðferðin myndi einskorðast við skuldbindingar íslenska ríkisins vegna trygginga út af innlánsreikningum í íslenskum bönkum erlendis, sem hefur verið helsti ásteytingarsteinninn t.d. milli Íslands og Bretlands, heldur ætti hún að vera mun víðtækari og ná til lagalegra skuldbindinga Íslands vegna bankamálanna almennt. Þessi ráðagerð er að mínu mati fjórða gagnrýnisatriðið, enda hlýtur það að þjóna hagsmunum Íslands betur að takmarka úrlausnarefnið við það mál sem valdið hefur langmestum vandræðum í samskiptum Íslands við nokkur Evrópuríki. Sé úrlausnarefnið ekki takmarkað með þessum hætti geta afleiðingarnar verið ófyrirsjáanlegar.

3. Þeirri hugmynd mun nú hafa verið varpað fram að útfæra framangreinda niðurstöðu fundar ECOFIN með öðrum hætti, þ.e. að ekki verði um bindandi gerðardómsmeðferð að ræða heldur verði skipuð nefnd með sömu fulltrúum sem verði falið að gefa lögfræðilegt álit um málið. Ljóst er að slík breyting væri jákvæð svo langt sem hún nær, enda mikilvægt að Ísland verði ekki bundið af niðurstöðu sem færi á versta veg og sem ógjörningur kynni að vera að virða og fara eftir.

4. Eftir stendur hins vegar að fyrirhuguð samsetning nefndarinnar er ekki hlutlaus og tryggir ekki jafnvægi milli aðila. Þrír fulltrúar af fimm kæmu frá ESB eða nátengdum aðilum, þ.e. ráðinu, framkvæmdastjórninni og Seðlabanka Evrópu. Hinir tveir fulltrúarnir væru frá Eftirlitsstofnun EFTA, sem fylgir almennt túlkun framkvæmdastjórnarinnar, og EFTA. Fyrirfram yrði því að gera ráð fyrir að niðurstaða nefndarinnar yrði Íslandi óhagstæð og ætti ekki að koma á óvart að atkvæði skiptust 3:2 eða 4:1 aðildarríkjum ESB í hag og Íslandi í óhag. Ljóst er að að fenginni slíkri niðurstöðu, jafnvel þótt hún sé ekki bindandi, yrði afar erfitt t.d. fyrir bresk stjórnvöld af pólitískum ástæðum að verja það að semja um óhagstæðari lausn við íslensk stjórnvöld í framhaldinu. Ég hlýt því að mæla gegn umræddri samsetningu nefndarinnar. Í stað hennar mætti

hugsa sér hefðbundnari leið, þ.e. að Ísland tilnefni einn fulltrúa í slíka nefnd, Bretland og önnur ríki sem í hlut eiga komi sér saman um annan nefndarmann og nefndarmennirnir tveir komi sér síðan saman um oddamann sem yrði formaður. Næðist ekki samkomulag um oddamann yrði hann skipaður af forseta Alþjóðadómstólsins í Haag. Vilji hvert umræddra ríkja eiga fulltrúa í nefndinni er sennilega ekkert því til fyrirstöðu en gæta yrði þess þá að fulltrúar Íslands í nefndinni yrðu jafnmargir. Rétt er einnig að minna á þá leið að fá þriðja aðila, Noreg, til að hafa milligöngu í samningaviðræðum ríkjanna.

5. Ég minni aftur á mikilvægi þess að nefndinni verði gefinn nægur tími til að fara vel yfir málið til að geta komist að vandaðri lögfræðilegri niðurstöðu, sbr. það sem nefnt var að framan.

6. Ég áréttá jafnframt mikilvægi þess að afmarka skýrt það álitamál sem hin lögfræðilega álitsgerð á að ná til, sbr. það sem getið var um að framan.

7. Mér er ljóst að íslensk stjórnvöld hafa e.t.v. takmarkaða möguleika á að vinda ofan af áðurnefndri niðurstöðu fundar ECOFIN, en því ræður m.a. hvort og þá hve mikil tengsl eru milli þessa máls og afgreiðslu IMF á lánsúmsókn Íslands. Fyrir liggur þó að nánari útfærsla málsins er eftir, einkum umboð (e. terms of reference) gerðardómsins/nefndarinnar. Ljóst er að Ísland þarf að eiga fulla aðild að þeirri útfærslu og í því felst e.t.v. möguleikar á að gera umrædda niðurstöðu ásættanlegri. Frá mínum sjónarhóli er brýnast að tryggja annars vegar að niðurstaða þriðja aðila verði ekki bindandi og hins vegar að samsetning þriðja aðilans verði hlutlaus og óvillhöll.

6. nóvember 2008

THH